

Mál nr. 231/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Umferðaróhapp 22. febrúar 2014. Orsakatengsl vegna líkamstjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. júní 2015 ásamt afriti þriggja tilgreindra fræðigreina.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var farþegi í bifreið sem bifreiðinni X var ekið á. Í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna, sem liggur frammi í málinu, er ekki getið sérstaklega um líkamstjón M. Í sérstakri tjónstilkynningu til V er afleiðingum umferðaróhappsins lýst þannig að M hafi verið að horfa til hliðar og hafi þannig fengið háls- og bakmeiðsli þegar ekið var aftan á bifreið sem hún var í. Í málinu liggur einnig fyrir læknaþríf frá slysadeild bráðadeildar Landspítala-Háskólasjúkrahúss þar sem kemur fram að M hafi komið þangað 27. febrúar 2014 og hún lýsir atvikum með svipuðum hætti og í tjónstilkynningu til V, þar kemur einnig fram að M hafi haft eymsli við þreifingu m.a. á hálsi.

M telur að það liggja fyrir á grundvelli læknisfræðilegra gagna að hún hafi hlotið líkamstjón við umferðaróhappið og beri V því að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X til hennar.

V telur ósannað að orsakatengsl séu milli umrædds atviks og óþæginda M en hún hafi ekki leitað til læknis fyrr en fimm dögum eftir atvikið. Auk þess vísar V til skýrslu Aðstoðar-Öryggis dags. 9. febrúar 2015 þar sem komi fram, m.v. útreikninga úr svokölluðu PC-Crash forriti, að þyngdarkraftur bifreiðarinnar X vegna árekstursins hafi verið 0,96g. Það sé það lítið högg að það geti ekki leitt til líkamstjóns og vísar V til fræðiskrifa þess efnis máli sínu til stuðnings.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappi 22. febrúar 2014. M kveðst hafa fundið fyrir einkennum stuttu eftir áreksturinn og leitaði fimm dögum eftir það til læknis. Þau fátæklegu læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir sýna að M leitaði til læknis fimm dögum eftir atvikið. Í læknaþréfi kemur ekki fram greining á sjúkdómsástandi M auk þess sem hún lýsir nokkuð almennum einkennum. Á meðan ekki liggja fyrir frekari sönnunargögn um orsakatengsl milli einkenna M og umferðaróhappsins telst vafi um orsakatengsl í þessu máli nokkur. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappinu. Að virtum fyrirbyggjandi gögnum telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 11. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.